Ed. **355. Breytingartillaga** [83. mál]

við brtt. á þskj. 346 [Lax- og silungsveiði].

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Meginmál brtt. orðist svo:

Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til þriðjudagsmorguns kl. 9. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags, ef til er, engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að ræða á viðkomandi veiðisvæði.